

Íbúaráð Grafarvogs 3. október 2022: Fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um þjónustu strætó í borgarhlutanum MSS22100056

Íbúaráði Grafarvogs hefur ítrekað borist kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir varðandi leiðakerfi strætó í einstökum hlutum Grafarvogs. Sérstaklega hefur verið bent á norðurhluta Grafarvogs og svo vistþorp í Gufunesi. Þann 6. september 2022 barst ráðinu meðfylgjandi erindi frá Árnýju Elínborgu Ásgeirsdóttur íbúa í Grafarvogi. Erindi Árnýjar var lagt frá á fundi ráðsins 3. október 2022 en ráðið hefur ekki forsendur að svo stöddu til að taka afstöðu til erindisins. Þess er óskað að Strætó bs. leggi mat á þær tillögur að lagfæringum sem lagðar eru fram í erindinu. Auk þess er upplýsinga óskað um hvort einhver vinna sé í gangi við að endurskoða og / eða endurmeta leiðakerfi Strætó bs. í Grafarvogi. MSS22090191

Vísað til umsagnar Strætó bs.